



## AST (AUSTFIRZKAR STODSTOFNANIR) Fundur nr. 4.

Fundur var haldinn í vinnuhópi um verkefnið Austfirzkar stoðstofnanir mánud. 16. maí 2011. Hófst kl. 09:00. Fundarstaður: Fróðleiksmolinn á Reyðarfirði.

**Mætt:** Hafliði H. Hafliðason, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Valdimar O. Hermannsson, Auður Anna Ingólfssdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir og Björn Hafþór Guðmundsson. Signý Ormarsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Sjónarmið sveitarstjórna og stjórna stofnana, eftir kynningu.
2. Næstu skref
3. Önnur mál

Valdimar setti fund og stýrði honum.

### 1. Sjónarmið sveitarstjórna og stjórna stofnana, eftir kynningu.

Páll Björgvin og Björn Ingimarsson röktu viðbrögð sinna sveitarstjórnarmanna við framkomnum tillögum sem þeir höfðu kynnt þeim. Almenn jákvæðni hafði komið fram á þeim fundum en einnig settar fram spurningar og fyrirvarar um ákveðin atriði. Tillagan um tvö fagráð hafði verið talin vænlegust og að hafa 7 manna yfirstjórn. Þá höfðu komið fram vangaveltur um hvort taka ætti þessi skref til sameiningar í áföngum eða jafnvel ganga enn lengra og búa til „Byggðastofnun Austurlands“. Bent hafði verið á mikilvægi þess að tryggja aðkomu og fjármögnun ríkisins og fastsetja hvar starfsstöðvar verði og vægi þeirra. Einnig hafði verið rætt um sjálfseignarstofnun „versus“ byggðasamlag og mikilvægi þess að jafnvægi sé í rekstri þeirra stofnana sem komi inn í þetta.

Hafliði greindi frá því að skýrsludrögin hefðu verið send út á stjórn Þróunarfélags og Atvinnuþróunarsjóð en málið ekki verið tekið fyrir á stjórnarfundum. Sömu sögu er að segja með Menningarráðið. Vorfundur Byggðastofnunar verður um mánaðamótin en þar verður hugmyndin kynnt. Einnig er framundan vorfundur (Atvinnu-) þróunarfélaga, sem haldinn verður á höfuðborgarsvæðinu. Í máli Hafliða kom fram að almennt séð hefði fólk tekið vel í þessar hugmyndir en fleiri þurfi að fá ítarlegri kynningu, þ.e. starfsmenn og stjórnir. Auður Anna sagðist telja þessar hugmyndir áhættunnar virði enda margt að breytast og til endurskoðunar á landsvísu.

Skúli Björn sagði að stjórnir Markaðsstofu og Ferðamálasamtaka hefðu fengið skýrsludrögin send til sín en misjafnt hvort menn hafi fengið tækifæri til að fara yfir þau. Stefnt er á sameiginlegan stjórnarfund þessara aðila í næstu viku.

Stefanía sagði mikilvægt að kynna þessar hugmyndir fyrir starfsfólki og hagsmunaaðilum. Hún sagði ánægju vera í stjórn ÞNA með sjálfseignarformið og taldi að erfiðara yrði að dreifsetja þjónustuna ef ÞNA dytti út.

Björn Hafþór sagði hlutverk SSA vera að upplýsa og tryggja að umræðan færi fram. Það hefur verið gert gegnum fundargerðir fram að þessu en nú þurfi ítarlegri kynningu. Hann ræddi um að formaður og framkvæmdastjóri SSA og eftir atvikum fulltrúar SSA í



starfshópnum myndu bjóða sveitarstjórnnum upp á fundi. Einnig er fyrirhugaður samráðsfundur stjórnar SSA með starfshópum bæði þessa verkefnis og Austfirskrar einingar í næstu viku.

Valdimar sagðist telja mikilvægt að formið sé einfalt og skilvirkt og sagðist vilja frekar ganga lengra en skemmra með þó fyrirvara um þróun skipulags hjá ríkisvaldinu. Líklegra að við fáum frekar jákvæðni og velvilja ríkisins fyrir frumkvæði með því að ganga lengra. Hlýtur að vera niðurstaðan að við séum að búa til skilvirkari starfsemi.

Rætt var áfram um hina ýmsu þætti framkominna tillagna. Meðal annars hvernig tenging yrði við starfsmenn sveitarfélaga á þessum sviðum eða hvort þau störf ættu heima innan þessarar stofnunar. Einnig um mikilvægi þess að halda sameiginlegan starfsmannafund allra stoðstofnana sem til að skapa umræðu og eyða óvissu. Allir fundarmenn á því að tillagan um tvö fagrað og fagsvið væri vænlegust til að vinna áfram. Tengingin við SSA og hugmyndir um starfandi stjórnarformann voru ræddar ofan í kjölinn. Ljóst að trúlega þarf að breyta samþykktum SSA og kjósa slíkan tvöfaldan formann sérstaklega á aðalfundi SSA. Í raun yrði hlutverk hans slíkt að svaraði til 100% starfs en hann ætti að koma úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna. Almennt tölu menn akk í því að búa til öflugt par með framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem sæi um starfsemi hennar og síðan stjórnarformann sem jafnframt gæti verið pólitískt andlit út á við sem formaður SSA.

## 2. Næstu skref

- Kynna þarf verkefnið á í hönd farandi aðalfundum og/eða stjórnarfundum framundan hjá viðkomandi stoðstofnunum.
- Boðað verður til kynningarfundar hjá SSA, oddvitar, stjórnarmenn ofl., þriðjudag í næstu viku þ.e. 24. maí. (Þeim fundi var svo frestað til 1. júní). Æskilegt væri að hafa hann fyrir frekari fundi með ríkisvaldinu. Spurning að taka til umræðu þar hvaða málaflokkar sveitarfélaga gætu fallið inn undir sameinaða stofnun.
- Kynningarfundir hjá einstökum sveitarstjórnnum.
- VOH og BHG tóku að sér að kynna málið gagnvart fjárveitingavaldi og þingmönnum kjördæmisins og m.a. að kynna áform um samráðsfund, sem reikna ætti með að haldinn yrði heima í héraði.
- Aðalfundir hjá ÞNA og ÞFA, verkefnið eingöngu til kynningar og að fundir álykti um áframhald verkefnisins.
- Björn mun koma skriflegum athugasemdum / ábendingum á hópinn. M.a. þarf að rökstyðja ályktun um rekstrarformið og greina kosti og galla við ólíkar tillögur.
- Framkvæmdaráð hópsins búi til drög að samþykktum og hugi að stofnaðilum
- Reynt verði að gera ítarlegri fjárhagsáætlun eftir því sem forsendur eru til.
- Unnin verði samantekt upp á eina til tvær síður og tekur Stefanía það að sér
- Starfshópurinn reyni að funda fljótlega eftir kynningarfund á vettvangi SSA til að ljúka sínum tillögum

## 3. Önnur mál

Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið um kl. 11:30.

Valdimar O. Hermannsson (fundarstjóri).

Stefanía G Kristinsdóttir / Skúli Björn Gunnarsson (fundarritarar).